



Viðtakandi: Menningarráð
Sendandi: Menningarborgin

Reykjavík, 7. september 2026

MIR26080011

MINNISBLAÐ

Umsóknir í erlenda sjóði

Menningarborgin tekur þátt í tveimur umsóknum um styrki úr EES-sjóðunum. Verkefnin eru unnin í samstarfi við aðila í Póllandi og Noregi og eru bæði leidd af pólskum samstarfsaðilum.

Annað verkefnið tengir saman bókmenntaborgirnar Gdańsk, Lillehammer og Reykjavík. Hitt verkefnið tengir saman tónlistarfólk frá Reykjavík og Bergen við tónlistarhátíð í Póllandi.

Umsóknirnar hafa verið sendar inn en niðurstöður liggja ekki enn fyrir. Verði þær samþykktar er áætlaður heildarhlutur Reykjavíkur í verkefnunum tveimur um 70.000 evrur, eða um 10 milljónir króna.

Magnetic North

Unnið er að umsókn fyrir verkefnið Magnetic North, sem Menningarborgin Reykjavík mun leiða í samstarfi við Manchester, Vilnías og Gautaborg. Borgirnar fjórar eiga það sameiginlegt að vera bæði UNESCO-bókmenntaborgir og jafnframt hluti af samstarfsneti tónlistarborga, Music Cities Network.

Markmið verkefnisins er að tengja saman efnilegt og ungt listafólk frá borgunum fjórum og veita því vettvang til að koma rödd sinni á framfæri.

Áætlaður kostnaður er 300.000 evrur, eða um 42,6 milljónir króna. Fyrirhugað er að sækja um fjármögnun úr eftirfarandi sjóðum:

- Nordic Culture Point: 100.000 evrur, eða um 14,2 milljónir króna. Umsóknarfrestur er 10. september.
- Nordic Culture Fund: 67.000 evrur, eða um 9,5 milljónir króna. Umsóknarfrestur er í byrjun október.
- Nordic Current – sjóður Norrænu ráðherranefndarinnar: 133.000 evrur, eða um 18,9 milljónir króna. Umsóknarfrestur er 1. desember og verður sótt um í samstarfi við Manchester.



Reykjavík



Language Without Borders

Menningarborgin Reykjavík er á frumstigi við undirbúning umsóknar í Creative Europe sjóðinn í samstarfi við Rannís og Borgarbókasafnið. Umsóknarfrestur er vorið 2027.

Verkefnið ber vinnuheitið Language Without Borders og er markmið verkefnisins að vernda og efla íslensku og önnur tungumál sem fáir tala og eiga undir högg að sækja. Unnið yrði með bókasöfnum í samstarfsborgunum að því að þróa þau sem miðstöðvar lifandi tungumála í hverju landi.

Tvær útfærslur koma til greina:

- Samstarf fimm borga og umsókn að fjárhæð ein milljón evra, eða um 142 milljónir króna.
- Samstarf tíu borga og umsókn að fjárhæð tvær milljónir evra, eða um 284 milljónir króna.

Virðingarfyllst,
Arnfríður S Valdimarsdóttir
Menningarborgin
Menningar- og íþróttasvið



Reykjavík